

Fimmtudaginn 18. nóvember 1993.

Nr. 247/1990. **Arngrímur Ingimundarson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Þrotabúum Verslunarinnar Víðis sf.,

Eiríks Sigurðssonar og

Matthíasar Sigurðssonar

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Gjaldþrot. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 20. júní 1990 og 8. ágúst s. á. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefndu verði gert að greiða sér málskostnað in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefndu verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málsaðilar kveða engan ágreining vera um málsatvik. Áfrýjandi keypti í september 1987 af bræðrunum Eiríki og Matthíasi Sigurðssonum hesthús, hlóðu, kaffistofu o. fl. á félagssvæði Fáks í Víðidal. Vegna vanefnda bræðranna varð áfrýjandi að greiða hinn 20. apríl 1988 gjaldfallna skuld sér óviðkomandi hjá innheimtuaðila skuldarinnar, samtals 861.554,60 krónur, sem hvíldi með veði á hinni seldu eign. Skömmu áður hafði hann fengið í hendur veðskuldabréf það, sem mál þetta fjallar um, hjá umboðsaðila bræðranna, Þorsteini Steingrímssyni, löggiltum fasteignasala, og átti bréfið að ljúka þessari skuld. Áfrýjandi kveðst hafa greitt í milli u. þ. b. eitt hundrað þúsund krónur, sem bréfið var hærra en skuldinni nam. Er það stutt framburði vitnanna Jóns Ólafssonar, löggilts endurskoðanda, og fyrrgreinds Þorsteins Steingrímssonar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er ágreiningsefnið það, hvort afhending veðskuldabréfsins til áfrýjanda hafi verið greiðsla

til hans á skuld, sem sé riftanleg, annaðhvort samkvæmt 1. mgr. 54. gr. eða 61. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Hér er um að ræða fasteignaviðskipti málsaðila og uppgjör kröfu vegna þeirra. Veðskuldabréf eru algengur og venjulegur greiðslueyrir í fasteignaviðskiptum. Hvort skuld telst greidd með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga, fer eftir atvikum og eðli viðskipta aðila hverju sinni. Eins og á stóð, verður ekki talið, að umrætt veðskuldabréf, enda þótt það sé út gefið af þriðja aðila, hafi verið óvenjulegur greiðslueyrir í þessum viðskiptum, svo að riftanlegt sé samkvæmt 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga. Stefndu hafa enn fremur vísað til 61. gr. gjaldþrotalaga, en eigi sýnt fram á, að riftunarskilyrðum þess ákvæðis hafi verið fullnægt í máli þessu. Greiðsla þessi telst því ekki riftanleg samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu. Ber þá einnig að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Arngrímur Ingimundarson, skal vera sýkn af kröfum stefndu, þrotabúa Verslunarinnar Víðis sf., Eiríks Sigurðssonar og Matthíasar Sigurðssonar, í máli þessu.

Framangreint fjárnám er úr gildi fellt.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bærjþings Reykjavíkur 10. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað fyrir bærjþinginu með stefnu, birtri 13. apríl 1989, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl. sem skiptastjóra í þrotabúum Verslunarinnar Víðis sf., nafnr. 9189-5242, Eiríks Sigurðssonar, nafnr. 1878-1263, og Matthíasar Sigurðssonar, nafnr. 6549-3888, f. h. þrotabúanna gegn Arngrími Ingimundarsyni, kt. 231112-4139, Grettisgötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru eftirfarandi:

1. að rift verði með dómi greiðslu á skuld Eiríks Sigurðssonar, Matthíasar Sigurðssonar og Víðis sf. við Arngrím Ingimundarson, er fram fór skömmu fyrir gjaldþrot Víðis sf. með afhendingu veðskuldabréfs, að nafnverði 1.187.500 kr., út gefins 29. mars 1988 af Svavari Egilssyni með grunnvísitölu 1958, tryggðs með 2. veðrétti í hluta af fasteigninni Lynghálsi 5, Reykjavík, jarðhæð,.

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum 1.187.500 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. apríl 1988 til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. apríl 1989.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að kröfum stefnenda í málinu verði algerlega hafnað og að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, en til vara, verði eigi fallist á aðalkröfu stefnda, að kröfur stefnenda verði verulega lækkaðar og einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti.

Þá verði stefnendum í öllum tilvikum gert in solidum að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 22. apríl 1988, hafi bú sameignarfélagsins Víðis, Austurstræti 17, Reykjavík, verið tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni eigenda félagsins, þeirra Matthíasar Sigurðssonar, Eiríks Sigurðssonar og Vigdísar Eiríksdóttur, ásamt búum þeirra.

Við yfirheyrslur í skiptarétti Reykjavíkur 26. júlí 1988 og 25. október 1988 yfir endurskoðanda félagsins, Jóni Ólafssyni, hafi komið fram, að skuldabréfum, er gefin höfðu verið út af kaupendum Verslunarinnar Víðis sf. í Austurstræti 17, Reykjavík, hafði verið ráðstafað með ýmsu móti, og meðal þeirra, er fengu greiðslu, hefði verið stefndi í máli þessu, Arngrímur Ingimundarson.

Krafa sú, er Arngrímur fékk greidda með veðskuldabréfi, hafi átt rót að rekja til kaupsamnings, dags. 16. september 1987, um hesthús, hlöðu, kaffistofu o. fl. á félagssvæði Fáks í Víðidal, Reykjavík, milli stefnda annars vegar og Eiríks, Matthíasar og Víðis sf. hins vegar. Samkvæmt kaupsamningnum keypti stefndi eignir þessar fyrir 5.000.000 kr. Hafi hann meðal annars tekið að sér greiðslu skuldar, er hvíldi á hinni seldu eign. Hafi hún verið tilgreind svo í samningnum, að skuldareigandi væri Fákurlönb., fyrsti gjalddagi kaupanda, þ. e. stefnda í máli þessu, væri febr.-mars, gjalddagar væru tvisvar á ári, skuldin hefði upphaflega verið 400.000

kr. og eftirstöðvar um 600.000 kr. Upplýsingar þessar hafi verið rangar, enda hvorki hirt um það af hálfu seljenda, fasteignasalans né heldur kaupanda að leiða eða reyna að fá hið rétta í ljós leitt, t. d. með öflun veðbókarvottorðs og kröfu af hálfu kaupanda um, að seljendur framvísuðu kvittunum, er sýndu, að hin yfirtekna skuld væri í skilum. Vanræksla þessi hafi leitt til þess, að stefndi hafi orðið að greiða hina yfirteknu skuld upp, þar sem hún hafi verið gjaldfelld vegna vanskila seljenda með bréfi, dags. 11. apríl 1987, en uppboðs hafði verið krafist á hinni veðsettu eign 10. desember 1987.

Stefndi hafi greitt hina gjaldföllnu skuld hjá innheimtuaðila hennar, Fjárheimtunni hf., 20. apríl 1988, samtals 1.700.319,40 kr. Þar af hafi 861.554,60 kr. verið vegna gjalddaga 20. febrúar 1987 og 20. ágúst 1987.

Áður en stefndi innti síðastgreinda greiðslu af hendi, hafi hann fengið skaðabótakröfu sína á hendur seljendum hesthússins greidda að fullu með veð- og verðtryggðu skuldabréfi, út gefnu 29. mars 1988 af Svavari Egilsyni, að nafnverði 1.187.500 kr., með grunnvísitölu 1958, tryggðu með 2. veðrétti í jarðhæð fasteignarinnar Lynghál 5, Reykjavík.

Í máli þessu sé krafist riftunar á ráðstöfun skuldabréfsins til stefnda. Fjárhæð dómkröfunnar sé miðuð við nafnverð skuldabréfsins á útgáfudegi þess, 29. mars 1988.

Í greinargerð stefnda er málavöxtum svo lýst, að stefndi hafi keypt umrætt skuldabréf hjá Þorsteini Steingrímssyni fasteignasala, Austurstræti 17, Reykjavík. Hafi stefnda þá verið alls ókunnugt um fjárhagsaðstæður stefnenda. Hafi ofangreindur fasteignasali boðið umrætt skuldabréf til sölu á eðlilegum kjörum verðbréfamarkaðar.

Stefndi og Ragnar Hinriksson hafi keypt af stefnendum, þ. e. Matthíasí Sigurðssyni og Eiríki Sigurðssyni, hesthússbyggingar F-8 í Elliðaárdal í Reykjavík, nánar tiltekið 50% eignarhluta heildarbyggingarinnar. Í þeim viðskiptum hafi stefndi og Ragnar verið á sviksamlegan hátt leyndir stöðu áhvilandi veðskulda á hinni seldu eign. Hafi komið í ljós, að vanskil seljenda við þriðja aðila voru til innheimtu vegna vanskila hjá Fjárheimtunni hf. í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun fasteignasalanna Þorsteins Steingrímssonar og Ragnars Tómassonar hrl. hafi verið ákveðið, að andvirði veðskuldabréfs í vörslu Þorsteins yrði ráðstafað til greiðslu umræddrar vanskilaskuldar stefnenda við þriðja aðila. Umrætt skuldabréf hafi hins vegar verið talið verðmeira en umrædd skuld og því ákveðið að bjóða það til sölu. Stefndi hafi keypt umrætt bréf af Þorsteini Steingrímssyni á þeim kjörum, er bréfið var boðið, og umsömdu verði, settu upp af fasteignasalanum. Hafi stefndi greitt fyrir bréfið með peningagreiðslu til fasteignasalans og hafi jafnframt tekið að sér að greiða vanskilaskuld stefnenda við þriðja aðila, en skuldin

hafi verið til innheimtu hjá Fjárheimtunni hf., en sú fjárhæð hafi aðeins verið hluti kaupverðsins.

Hafi stefndi staðið í skilum að öllu leyti með sínar skuldbindingar varðandi kaup umrædds veðskuldabréfs af umræddum fasteignasala. Hafi stefnendur ekki skaðast af viðskiptum þessum, er stefndi hafi gert í góðri trú, en ákvarðanir um ráðstöfun á greiðslum stefnda þetta varðandi hafi verið teknar af umræddum fasteignasala, Þorsteini Steingrímssyni.

Fyrrgreind vanskilaskuld, er var til innheimtu hjá Fjárheimtunni hf., hafi verið stefnda óviðkomandi, þar sem um hafi verið að ræða kröfur hjá þriðja aðila á hendur stefnendum. Umrædd viðskipti hafi stefndi gert í góðri trú á verðbréfamarkaði hins löggilta fasteignasala.

Málsástæður.

Málsástæður stefnenda eru þær, að óumdeilt sé, að fyrir gjaldþrot Víðis sf. hafi stefndi átt gjaldfallna skaðabótakröfu á hendur Víði sf. og Matthíasi og Eiríki Sigurðssyni vegna vanefnda þeirra við sölu hesthússins til stefnda 16. september 1987. Skaðabótakröfu þessa hafi stefndi fengið greidda einhvern tíma á tímabilinu 29. mars 1988 til 20. apríl 1988 með verðtryggðu skuldabréfi, út gefnu 29. mars 1988 af Svavari Egilssyni til Víðis sf., tryggðu með veði í Lynghálasi 5 hér í borg, að nafnverði 1.187.500 kr. Skaðabótakrafan hafi því verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi gjaldþrotalaga og svo skömmu fyrir gjaldþrotið, að hún sé riftanleg samkvæmt 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Stefnda, sem tvímælalaust hafi haft hag af þessari ráðstöfun, beri að greiða þrotabúinu í það minnsta nafnverð skuldabréfsins, 1.187.500 kr., sbr. 62. gr. laga nr. 6/1978, auk dráttarvaxta frá úrskurðardegi, 22. apríl 1988, sbr. 9., 10., 12. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og bráðabirgðalög nr. 83/1988.

Verði ekki fallist á framangreint, sé því haldið fram, að rifta beri ráðstöfun þessari á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga, þar sem stefndi hafi vitað eða hafi mátt vita, að Víðir sf. var ógjaldfær, er afhending skuldabréfsins til hans fór fram, og dæma stefnda til greiðslu bóta skv. 63. gr. laga nr. 6/1978, er beri dráttarvexti frá úrskurðardegi til 22. apríl 1988 til greiðsludags, sbr. áður tilvitnuð lagaákvæði vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað sé reist á 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 og bráðabirgðalög nr. 83/1988.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að stefndi hafi verið í góðri trú, og einnig á reglum fjármunaréttar um aðilaskipti að viðskiptabréfum. Um sé að ræða viðskipti í góðri trú, er upp séu sett af þekktri fasteignasölu sem seljanda. Hluti umrædds kaupverðs hafi samkvæmt umræddum samn-

ingum við kaup á skuldabréfinu verið notaður til að greiða skuldir stefnenda til þriðja aðila, er voru vegna vanskila til innheimtu hjá Fjárhheimtunni hf. Því sé algerlega mótmælt, að tilgreindar reglur og ákvæði gjaldþotalaga nr. 6/1978 eigi hér við, hvorki að því er varðar riftun, endurkröfu né skaðabætur.

Þá sé vísað til þess, að stefndi hafi greitt mun meira fyrir umrætt skuldaþréf en nam vanskilaskuld stefnenda við þriðja aðila og umrædd fasteign, þ. e. hesthúsið, sé í eigu fleiri en stefnda. Umrædd ákvörðun um þessi viðskipti hafi verið tekin af öðrum en stefnda, sem átt hafi umrædd viðskipti í góðri trú, þar sem hann hafi keypt viðskiptaþréf á fasteignasölu og verðþréfamarkaði.

Til frekari rökstuðnings sé vísað til reglna á sviði fjármunaréttar og kröfuréttar, einkum að því er varðar kaup á viðskiptaþréfum, einnig laga nr. 39/1922 og laga nr. 7/1936. Forsendur tilgreindra ákvæða laga nr. 6/1978 í málalilbúnaði stefnenda eigi ekki við um umrædd viðskipti, enda umrædd krafa á hendur stefnendum frá þriðja aðila. Hugsanleg riftun myndi þá frekar beinast að umbjóðanda Fjárhheimtunnar hf., er gert hafi kröfur á hendur stefnendum.

Stefndi hafi aldrei tekið að sér að greiða umrædda skuld stefnenda sem sína skuld. Við umrædda greiðslu stefnda til Fjárhheimtunnar hf. hafi stefndi ekki eignast kröfu á stefnendur og hafi því ekki verið gert fært að lýsa kröfu í þrotabú þeirra á innköllunarfresti.

Stefndi hafi að öllu leyti staðið við skuldbindingar sínar í umræddum viðskiptum í góðri trú og án þess að skaða nokkra hagsmuni. Ábyrgð og ákvörðun um hagsmuni stefnenda og þrotabús þeirra hafi og ekki verið í höndum stefnda. Hafi hann þar farið eftir fyrirmælum og ráðstöfun hins löggilta fasteignasala, Þorsteins Steingrímssonar, er komið hafi fram gagnvart stefnda sem verðþréfamiðlari.

Niðurstaða.

Af hálfu stefnenda er fullyrt, að stefndi hafi með kaupsamningi, dags. 16. september 1987, keypt hesthús o. fl. af Eiríki Sigurðssyni, Matthíasi Sigurðssyni og Víði sf., og er ekki ágreiningur um það atriði í málinu.

Kröfu sína um riftun reisa stefnendur aðallega á 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt því ákvæði nægir það skilyrði eitt til þess, að rifta megi greiðslu, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur, hafi greiðsla farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Samkvæmt vottorði skiptaráðanda í Reykjavík, dags. 26. apríl 1990, barst honum beiðni Verslunarinnar Víðis sf. og eigenda hennar um gjaldþrotaskipti 22. apríl 1988, og telst sá dagur frestdagur í skilningi gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Með hliðsjón af framburði stefnda hér fyrir dómi verður að telja upplýst, að stefndi greiddi hjá Fjárheimtunni hf. veðskuld, sem var í vanskilum, er stefndi yfirtók skuldina samkvæmt kaupsamningi, dags. 16. september 1987. Upplýsti stefndi, að seljendur hefðu síðar greitt sér með veðskulda-bréfi því, sem um ræðir í málinu. Ljósrit þessa veðskuldabréfs hefur verið lagt fram í málinu, og hefur ekki verið vefengt af hálfu stefnda, að um rétt ljósrit frumskjalsins sé að ræða. Veðskuldabréfið er út gefið 29. mars 1988 af Svavari Egilssyni til Víðis sf.

Með hliðsjón af framburði Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala fyrir dóminum teljast ósannaðar fullyrðingar í greinargerð stefnda þess efnis, að stefndi hafi keypt bréfið af Þorsteini, sem boðið hafi umrætt veðskulda-bréf til sölu á eðlilegum kjörum verðbréfamarkaðar.

Svo sem áður segir, var umrætt veðskuldabréf út gefið 29. mars 1988. Ekki liggur fyrir, hvenær greiðsla sú, sem riftunar er krafist á, fór fram, en líta verður svo á, að það hafi verið eftir útgáfudag veðskuldabréfsins, sem var 29. mars 1988.

Eins og áður er rakið, telst frestdagur vera 22. apríl 1988. Greiðsla sú, sem krafist er riftunar á í málinu, hefur því farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Þegar virt er, að stefnda var greitt með kröfu á þriðja aðila svo skömmu fyrir frestdag, verður að líta svo á, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 og að um skilyrði greinarinnar til riftunar greiðslu með umræddu veðskuldabréfi sé því að ræða, sbr. það, sem áður er rakið.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að andvirði veðskuldabréfsins hafi verið hærra en nam skuldinni, sem hann greiddi, og hafi hann greitt mismuninn í peningum, en ekki er upplýst í málinu, hver sá mismunur var, og engin gögn hafa verið lögð fram í málinu þar að lútandi. Ber því samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 að fallast á þá kröfu stefnenda, að stefndi greiði þeim 1.187.500 kr., sem er nafnverð umrædds veðskuldabréfs á útgáfudegi þess, 29. mars 1988, ásamt umkröfðum vöxtum. Upphafstíma vaxta hefur eigi verið mótmælt.

Af hálfu stefnenda er hvorki í stefnu né greinargerð gerð krafa um málskostnað, en við munnlegan málflutning var slík krafa gerð, en gegn andmælum stefnda verður að telja, að krafan sé of seint fram komin við munnlegan málflutning, og dæmist málskostnaður því eigi.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Rift er greiðslu þeirri, er stefndi, Arngrímur Ingimundarson, fékk með afhendingu veðskuldabréfs, að fjárhæð 1.187.500 kr., út gefins

29. mars 1988 af Svavari Egilssyni, með grunnvísitölu 1958, tryggðs með 2. veðrétti í hluta af fasteigninni Lynghálsi 5, Reykjavík, jarðhæð.

Stefndi, Arngrímur Ingimundarson, greiði stefnendum, þrotabúum Verslunarinnar Viðis sf, Eiríks Sigurðssonar og Matthíasar Sigurðssonar, 1.187.500 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. apríl 1988 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. apríl 1989.

Málskostnaður dæmist eigi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
